



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 14. maí 2019 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 14.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Kristín B. Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Niels Guðmundsson endurskoðandi Enor sat fundinn undir 1. lið.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### 1. Ársreikningur 2018

#### a. Endurskoðunarskýrsla

Fyrir fundinum lá endurskoðunarskýrsla Niels Guðmundssonar endurskoðanda hjá Enor dags. 14. maí 2019, en fór hann yfir skýrsluna með sveitarstjórn sem var til kynningar.

#### b. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana 2018 (seinni umræða):

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana sem var til fyrri umfjöllunar 15. apríl 2019. Í ársreikningi kemur fram að rekstrartekjur samstæðunnar voru 610,3 m.kr. en voru 577,8 m.kr. árið 2017 og hafa hækkað um 5,6% milli ára. Rekstrargjöld samstæðu námu 598,5 m.kr. en voru 563,2 m.kr. 2017 og höfðu aukist um tæp 6,3% milli ára. Rekstrarniðurstaða var jákvæð á árinu um 16,5 m.kr. í samanburði við 27,6 m.kr. jákvæða afkomu árið 2017. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar reyndist 21,3 m.kr. betri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Tekjur A-hluta voru 523,5 m.kr. og rekstargjöld án afskrifta námu um 523 m.kr. Rekstur A hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæður um 171 þús.kr. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð á árinu um kr. 478 þús.kr. samanborið við 16,9 m.kr. neikvæða afkomu skv. áætlun.

Heildareignir sveitarfélagsins námu í árslok 1.801 m.kr. og eigið fé var 1.315 m.kr. Langtímaskuldir sveitarfélagsins námu 244,3 m.kr. og tilheyra þær eingöngu félagslegum íbúðum. Veltufjárhlutfall samstæðunnar var 7,59 en var 12,77 í árslok 2017. Handbært fé frá rekstri nam 52,1 m.kr. Handbært fé samstæðunnar nam 471,0 m.kr. í árslok samanborið við kr. 457,9 m.kr. í ársbyrjun. Verðbréfaeign var kr. 0 í árslok en var 192,1 m.kr. í ársbyrjun. Handbært fé og verðbréfaeign lækkar um samtals 179,1 m.kr. milli ára. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 211,9 m.kr. hjá samstæðu sveitarfélagsins á árinu. Engin ný lán voru tekin á árinu. Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn ásamt endurskoðanda og samþykkti hann og áritaði að lokinni umræðu.



## 2. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri greindi frá störfum sínum og fór yfir stöðu framkvæmda. Skýrslan var flutt munnlega til kynningar.

## 3. Hjallastefna ehf. – uppgjör vegna breytinga á A deild Brúar lífeyrissjóðs

Þann 29. janúar sl. barst sveitarfélaginu erindi Brúar lífeyrissjóðs. Með erindinu var óskað eftir því að sveitarfélög, í samvinnu við Hjallastefnuna ehf. myndu ganga til uppgjörs við lífeyrissjóðinn vegna uppgjörs Hjallastefnu við lífeyrissjóðinn á kröfum vegna jafnvægisjóðs og varúðarsjóðs. Alls fengu 11 sveitarfélög erindið. Hjallastefnan hefur samþykkt að greiða framlag í lífeyrisaukasjóð með sérstöku iðgjaldi en framlag í jafnvægisjóð og varúðarsjóð hefur ekki verið greitt og telur Hjallastefnan sig ekki bera skyldu til að greiða framkomnar kröfur. Hefur Hjallastefnan vísað í þjónustusamninga félagsins við sveitarfélög og að ábyrgð á greiðslu sé sveitarfélaganna. Haldinn var sameiginlegur fundur með fulltrúum umræddra sveitarfélaga, Brú lífeyrissjóði, Hjallastefnu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem efnið var rætt og var niðurstaða fundarins að sambandið myndi taka saman minnisblað um málið. Í erindi Sambandsins kemur fram að réttarstaða vegna málsins sé óviss svo ekki er ljóst á hverjum greiðsluskylda hvílir. Afgreiðslu erindis var frestað.

## 4. Samningur um slátt á opnum svæðum

Fyrir fundinum lá fyrir endurnýjun á samningi um slátt á opnum svæðum við Slavko Velemir. Samningurinn var ræddur og sveitarstjóra falið að undirrita hann.

## 5. Snorraberg ehf.

Fyrir fundinum lá tilboð Thomsen ehf. í 49,28% eignarhlut sveitarfélagsins í Snorrabergi ehf. upp á 4.750.000.-kr. Sveitarstjórn ræddi tilboðið og forsendur þess og samþykkti einróma. Sveitarstjórn fól sveitarstjóra að ganga frá samningi við Thomsen ehf. um kaupin.

## 6. Bréf

### a) SSNV dags. 8. apríl 2019

Fyrir fundinum lá Samgöngu- og innviðaaætlun Norðurlands vestra sem unnin var af samgöngu- og innviðanefnd sem skipuð var á haustþingi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra þann 19. október 2018. Með áætluninni er mörkuð stefna fyrir Norðurland vestra í samgöngumálum og gerð grein fyrir forgangsröðun í málaflokknum. Áætlunin var til kynningar.

### b) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 17.04.2019



Fyrir fundinum lá minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er varðar lög um opinber innkaup en með bréfinu er bent á að lögin taki að fullu gildi 31. maí 2019 og með þeim viðmiðunarreglur laga um útboðsskyldu sveitarfélaga innanlands sem verða þær sömu og gilda um stofnanir ríkisins. Bréfið var til kynningar.

**c) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 03.05.2019**

Fyrir fundinum lá umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020-2024, 750. mál. Umsögnin var til kynningar.

**d) Fjölskylduhjálpar Íslands dags. 17.04.2019**

Með erindinu óskar Fjölskylduhjálpar Íslands eftir því að sveitarfélagið styrki samtökin með frjálsum framlagi. Sveitarstjórn tók málefnið til umfjöllunar en sá sér ekki fært að verða við erindinu að þessu sinni.

**e) Birkis Karls Sigurðssonar dags. 23.04.2019**

Með erindinu sendir Birkir Karl Sigurðsson skákennari kynningarbréf varðandi skáknámskeið fyrir ungmenni út á landi. Erindið var til kynningar.

**f) RARIK dags. 10.04.2019**

Fyrir fundinum lá erindi RARIK þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið taki yfir götulýsingarkerfi á Skagaströnd. Erindið var til kynningar.

**g) Umhverfisstofnunar dags. 26.04.2019**

Fyrir fundinum lá erindi Umhverfisstofnunar er varðar lokunarfyrirmæli Urðunarstaða. Með erindinu er tilkynnt að Umhverfisstofnun hafi farið yfir fyrirmæli um vöktun og gagnaskil vegna lokaðs urðunarstaðar á Skagaströnd og að ekki væri tilefni til þess að breyta fyrirmælunum sem munu koma til endurskoðunar að þremur árum liðnum. Bréfið var til kynningar.

**h) Fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 03.05.2019**

Fyrir fundinum lá erindi Fjármála- og efnahagsráðuneytisins en erindið er sent til upplýsinga er varðar breytingu á lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og þær breytingar er varða sveitarfélögin. Til áréttingar er m.a. bent á að breyting sé á viðmiðunarfjárhæðum er varða útboðsskyldu innanlands sem verður eftir breytinguna 15,5 m.kr. fyrir vöru- og þjónustusamninga og 49 m.kr. fyrir verkframkvæmdir. Bréfið var til kynningar.

**7. Fundargerðir**

**a) Ársþings SSNV dags. 5. apríl 2019**





Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

- i. Samþykktir og þingsköp
- ii. Ársskýrsla og ársreikningur

Fundargerð og fylgigögn voru til kynningar.

**b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 11. apríl 2019**

Fundargerð var til kynningar.

**c) Siglingaráðs 8. nóvember 2018**

Fundargerð var til kynningar.

**d) Siglingaráðs 13. desember 2018**

Fundargerð var til kynningar.

**e) Siglingaráðs 10. janúar 2019**

Fundargerð var til kynningar.

**f) Siglingaráðs 7. febrúar 2019**

Fundargerð var til kynningar.

**g) Hafnarsambands Íslands dags. 10. apríl 2019**

Fundargerð var til kynningar

**8. Önnur máls**

Umræður sköpuðust um umhverfismál á Skagaströnd og nauðsyn þess að sveitarfélagið, fyrirtæki og íbúar taki sameiginlega á umhverfis- og umgengnismálum í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra var falið að vekja athygli á Samþykkt um umgengni og þrífnað utanhúss í Sveitarfélaginu Skagaströnd frá 2011.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 16:15


  
Halldór G. Ólafsson

  
Peturína L. Jakobsdóttir

  
Róbert Kristjánsson

  
Guðmundur Egill Erlendsson

  
Kristín B. Leifsdóttir

  
Alexandra Jóhannesdóttir